

## AUGLÝSING

**um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.**

Hinn 27. nóvember 2001 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á tilskipun ráðs Evrópusambandsins frá 28. júní 2001, um viðbót við ákvæði 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna frá 18. maí 1999, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 2001.

Tilskipunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

**Fylgiskjal.**

**TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/51/EB  
frá 28. júní 2001 um viðbót við ákvæði  
26. gr. samningsins um framkvæmd  
Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubanda-  
lagsins, einkum a-lið 61. gr. og b-lið 3. mgr. 63.  
gr.,

með hliðsjón af framkvæði lýðveldisins Frakk-  
lands <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að berjast megi á árangursríkan hátt gegn ólöglegum innflutningi fólks er brýnt að öll aðildarríkin taki upp ákvæði þar sem mælt er fyrir um skyldur flutningsaðila sem flytja erlenda ríkisborgara inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Til að tryggja að þetta markmið náist með skilvirkum hætti skal enn fremur samræma, eins og hægt er, þau fjárhagslegu viðurlög sem nú er beitt í aðildarríkjunum þegar flutningsaðilar bregðast eftirlitsskyldum sínum, að teknu tilliti til þess hve réttarkerfi og -venjur aðildarríkjanna eru ólík.
- 2) Ráðstöfun þessi er á meðal þeirra almennu ákvæða sem ætlað er að stemma stigu við straumi innflytjenda og koma í veg fyrir ólöglegan innflutning fólks.
- 3) Beiting þessarar tilskipunar er með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af Genfar-samningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967.
- 4) Þetta hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að viðhalda eða innleiða viðbótarráðstafanir eða -viðurlög gagnvart flutningsaðilum, hvort sem um þau getur í þessari tilskipun eða ekki.
- 5) Aðildarríkin skulu tryggja að í hvers konar málsmeðferð sem hafin er gegn flutningsaðilum, sem gæti varðað viðurlögum, sé virtur rétturinn til varnar og til að áfrýja slíkum ákvörðunum.
- 6) Tilskipun þessi byggir á Schengen-gerðun-

**COUNCIL DIRECTIVE 2001/51/EC  
of 28 June 2001 supplementing the provisions  
of Article 26 of the Convention implementing  
the Schengen Agreement of 14 June 1985**

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,  
Having regard to the Treaty establishing the  
European Community, and in particular Article  
61(a) and Article 63(3)(b) thereof,

Having regard to the initiative of the French  
Republic<sup>(1)</sup>,

Having regard to the opinion of the European  
Parliament<sup>(2)</sup>,

Whereas:

- (1) In order to combat illegal immigration effectively, it is essential that all the Member States introduce provisions laying down the obligations of carriers transporting foreign nationals into the territory of the Member States. In addition, in order to ensure a greater effectiveness of this objective, the financial penalties currently provided for by the Member States for cases where carriers fail to meet their control obligations should be harmonised to the extent possible, taking into account the differences in legal systems and practices between the Member States.
- (2) This measure is among the general provisions aimed at curbing migratory flows and combating illegal immigration.
- (3) Application of this Directive is without prejudice to the obligations resulting from the Geneva Convention relating to the Status of Refugees of 28 July 1951, as amended by the New York Protocol of 31 January 1967.
- (4) The freedom of the Member States to retain or introduce additional measures or penalties for carriers, whether referred to in this Directive or not, should not be affected.
- (5) Member States should ensure that in any proceedings brought against carriers which may result in the application of penalties, the rights of defence and the right of appeal against such decisions can be exercised effectively.
- (6) This Directive builds on the Schengen

(1) Stjótíð. EB C 269, 20.9.2000, bls. 8.

(2) Áliti skilað 13. mars 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(1) OJ C 269, 20.9.2000, p. 8.

(2) Opinion delivered on 13 March 2001 (not yet published in the Official Journal).

um, í samræmi við bókunina sem fellir þær inn í ramma Evrópusambandsins, eins og mælt er fyrir um hann í viðauka A við ákvörðun ráðsins 1999/435/EB frá 20. maí 1999 um skilgreiningu Schengen-gerðanna til að ákvarða, í samræmi við viðeigandi ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins og sáttmálans um Evrópusambandið, lagagrundvöll hvers og eins af ákvæðunum eða ákvörðunum sem gerðir samanstanda af <sup>(3)</sup>.

- 7) Í bréfi 25. október 2000 tilkynnti Breska konungsríkið, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, að það óskaði eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar tilskipunar.
- 8) Samkvæmt 1. gr. fyrrnefndrar bókunar tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar. Þar af leiðandi, og með fyrirvara um 4. gr. fyrrnefndrar bókunar, gilda ákvæði þessarar tilskipunar ekki um Írland.
- 9) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi gjörningur kemur til með að byggja á Schengen-gerðunum, samkvæmt ákvæðum IV. bálks stofnsáttmála Evrópubandalagsins, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, ber Danmörku að ákveða, innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt tilskipun þessa, hvort hún muni taka hana upp í landslög.
- 10) Að því er varðar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg telst þessi tilskipun vera þróun á Schengen-gerðunum, í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og þessi tvö ríki gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna <sup>(4)</sup>.

acquis, in accordance with the Protocol integrating it into the framework of the European Union, as laid down by Annex A to Council Decision 1999/435/EC of 20 May 1999 concerning the definition of the Schengen acquis for the purpose of determining, in conformity with the relevant provisions of the Treaty establishing the European Community and the Treaty on European Union, the legal basis for each of the provisions or decisions which constitute the acquis<sup>(3)</sup>.

- (7) In accordance with Article 3 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, the United Kingdom gave notice, by letter of 25 October 2000, of its wish to take part in the adoption and application of this Directive.
- (8) Pursuant to Article 1 of the aforementioned Protocol, Ireland is not participating in the adoption of this Directive. Consequently and without prejudice to Article 4 of the aforementioned Protocol, the provisions of this Directive do not apply to Ireland.
- (9) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this Directive, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this instrument aims to build upon the Schengen acquis under the provisions of Title IV of the Treaty establishing the European Community, in accordance with Article 5 of the abovementioned Protocol, Denmark shall decide within a period of 6 months after the Council has adopted this Directive whether it will implement it in its national law.
- (10) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Directive constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and those two States concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis<sup>(4)</sup>,

(3) Stjúd. EB L 176, 10.7.1999, bls. 1.

(4) Stjúd. EB L 176, 10.7.1999, bls. 3.

(3) OJ L 176, 10.7.1999, p. 1.

(4) OJ L 176, 10.7.1999, p. 3.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Markmiðið með þessari tilskipun er að bæta við ákvæði 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990<sup>(5)</sup> (hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“) og að skilgreina tiltekin skilyrði fyrir framkvæmd þeirra.

## 2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sú skylda flutningsaðila að flytja ríkisborgara þriðju landa til baka, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 26. gr. Schengen-samningsins, gildi einnig ef ríkisborgara þriðja lands í gegnumför er neitað um komu ef:

- a) flutningsaðilinn, sem átti að flytja hann til landsins sem er ákvörðunarstaður, neitar að taka hann um borð;
- b) yfirvöld ákvörðunarríkisins hafa synjað honum um komu og sent hann aftur til aðildarríkisins sem hann kom í gegnum.

## 3. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skylda flutningsaðila, sem geta ekki flutt til baka ríkisborgara þriðja lands sem er synjað um komu til að finna tafarlaust leið til að flytja hann til baka og bera af því kostnað, eða, ef tafarlaus flutningur til baka er ekki mögulegur, að taka á sig kostnað af dvöl viðkomandi ríkisborgara frá þriðja landi og flutningi hans til baka.

## 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlög, sem gilda um flutningsaðila samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 26. gr. Schengen-samningsins, séu letjandi, skilvirk og í réttu hlutfalli við brot og að:
  - a) annaðhvort sé hámarksfjárhæð gildandi fjárhagslegra viðurlaga ekki lægri en 5000 evrur eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu, sem birt verður í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna 10. ágúst 2001, fyrir hvern mann sem fluttur er, eða

## HAS ADOPTED THIS DIRECTIVE:

## Article 1

The aim of this Directive is to supplement the provisions of Article 26 of the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985, signed at Schengen on 19 June 1990<sup>(5)</sup> (hereinafter referred to as “the Schengen Convention”) and to define certain conditions with respect to their implementation.

## Article 2

Member States shall take the necessary steps to ensure that the obligation of carriers to return third country nationals provided for in the provisions of Article 26(1)(a) of the Schengen Convention shall also apply when entry is refused to a third-country national in transit if:

- (a) the carrier which was to take him to his country of destination refuses to take him on board;
- (b) or the authorities of the State of destination have refused him entry and have sent him back to the Member State through which he transited.

## Article 3

Member States shall take the necessary measures to oblige carriers which are unable to effect the return of a third-country national whose entry is refused to find means of onward transportation immediately and to bear the cost thereof, or, if immediate onward transportation is not possible, to assume responsibility for the costs of the stay and return of the third-country national in question.

## Article 4

1. Member States shall take the necessary measures to ensure that the penalties applicable to carriers under the provisions of Article 26(2) and (3) of the Schengen Convention are dissuasive, effective and proportionate and that:
  - (a) either the maximum amount of the applicable financial penalties is not less than EUR 5000 or equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal on 10 August 2001, for each person carried, or

(5) Stjtúð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 1.

(5) OJ L 239, 22.9.2000, p. 1.

- b) lágmarksfjárhæð þessara viðurlaga sé ekki lægri en 3000 evrur eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu, sem birt verður í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna 10. ágúst 2001, fyrir hvern mann sem fluttur er, eða
- c) hámarksfjárhæð viðurlaga fyrir hvert brot sé ekki lægri en 500 000 evrur, greiddar með eingreiðslu, eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu, sem birt verður í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna 10. ágúst 2001, óháð þeim fjölda fólks sem fluttur er.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar tilvik þar sem ríkisborgari þriðja lands sækir um alþjóðlega vernd.

## 5. gr.

Tilskipun þessi skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða grípi til annarra ráðstafana sem fela í sér annars konar viðurlög, svo sem kyrrsetningu, löghald og eignaupptöku flutningatækisins eða tímabundna niðurfellingu eða afturköllun rekstrarleyfis, þegar um er að ræða flutningsaðila sem fullnægja ekki þeim skuldbindingum sem ákvæði 2. og 3. mgr. 26. gr. Schengen-samningsins og 2. gr. þessarar tilskipunar hafa í för með sér,

## 6. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að í innlendum lögum og stjórnslufyrirmælum sé kveðið á um að flutningsaðilar, sem málsmeðferð er hafin gegn í því skyni að beita þá viðurlögum, hafi raunverulega rétt til varnar og áfrýjunar.

## 7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 11. febrúar 2003. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

- (b) the minimum amount of these penalties is not less than EUR 3000 or equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal on 10 August 2001, for each person carried, or
- (c) the maximum amount of the penalty imposed as a lump sum for each infringement is not less than EUR 500000 or equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal on 10 August 2001, irrespective of the number of persons carried.

2. Paragraph 1 is without prejudice to Member States' obligations in cases where a third country national seeks international protection.

## Article 5

This Directive shall not prevent Member States from adopting or retaining, for carriers which do not comply with the obligations arising from the provisions of Article 26(2) and (3) of the Schengen Convention and of Article 2 of this Directive, other measures involving penalties of another kind, such as immobilisation, seizure and confiscation of the means of transport, or temporary suspension or withdrawal of the operating licence.

## Article 6

Member States shall ensure that their laws, regulations and administrative provisions stipulate that carriers against which proceedings are brought with a view to imposing penalties have effective rights of defence and appeal.

## Article 7

1. Member States shall take the necessary measures to comply with this Directive not later than 11 February 2003. They shall forthwith inform the Commission thereof.
2. When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such reference on the occasion of their official publication. The methods of making such reference shall be laid down by Member States.
3. Member States shall communicate the main provisions of national law which they adopt in the field covered by this Directive to the Commission.

Nr. 37

29. nóvember 2001

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Article 8

This Directive shall enter into force 30 days after its publication in the Official Journal of the European Communities.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Article 9

This Directive is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Gjört í Lúxemborg 28. júní 2001.

Done at Luxembourg, 28 June 2001.